

Könnun lögð fyrir starfsmenn í Hofsstaðaskóla í janúar 2012

Samantekt

Könnun um ýmsa þætti skólastarfsins var lögð fyrir starfsmenn í Hofsstaðaskóla í janúar 2012. Svar barst frá 51 starfsmanni eða 93% starfsmanna. Könnunin var ekki lögð fyrir starfsmenn í Regnboganum. Það tók tæplega tíu mínútur að svara könnuninni.

Könnunin var þrjúþætt. Fyrsti hluti var fyrir alla starfsmenn en þar var spurt um samskipti og líðan á vinnustaðnum. Annar hluti var lagður fyrir að beiðni foreldra um notkun kennara og áhuga þeirra á gagnvirkum kennslutöflum. Þriðji hluti var um notkun á Skólavefnum, en greiðir fyrir árlega áskrift að vefnum.

Könnunin var byggð upp þannig að starfsmenn svöruðu fullyrðingum og opnum spurningum. Sjá meðfylgjandi samantekt á niðurstöðum í súluritum og Likert kvarða.

Á heildina litið eru starfsmenn mjög ánægðir með vinnustaðinn sinn og samkvæmt Likert kvarða fá 15 af 21 þætti einkunnina 4,2 eða hærra sem þýðir að starfið er metið á styrkleikabili. Fimm þættir fengu lægri einkunn en eru allir á starfhæfu bili.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að starfsmenn eru stoltir af vinnustaðnum sínum en 94,12% eru mjög sammála eða sammála sem gefur einkunnina 4,67 á Likert kvarða. Starfsmenn eiga gott samstarf við vinnufélaga en 98% starfsmanna eru mjög sammála eða sammála sem gefur einkunnina 4,73 á Likert kvarða og þeir vita til hvers ætlast er til af þeim í starfi en 98,04% eru mjög sammála eða sammála sem gefur einkunnina 4,65 á Likert kvarða.

94,12% starfsmanna eru mjög sammála eða sammála um að þeir séu almennt ánægðir með stjórnun á vinnustaðnum en sú spurning fær einkunnina 4,25 á Likert kvarða. 94,11% eru mjög sammála um að það ríki traust á milli starfsmanna og stjórnenda Hofsstaðaskóla eða 4,53 á Likert kvarða.

Það sem starfsmenn telja að betur megi fara er hvernig tekið er á vandamálum á vinnustaðnum en 74% er mjög sammála eða sammála sem gefur einkunnina 4,02 á Likert kvarða. Oft er ágreiningur um úrlausn agavandamála og sýnist sitt hverjum. Á vorönn hefst endurskoðun á skólareglum í samræmi við reglugerð nr. 1040/2011 og verða allir starfsmenn þátttakendur í þeirri vinnu. Starfsmenn vilja sjá breytt fyrirkomulag starfsmannasamtala. Þeir voru spurðir hvort þeir væru ánægðir með það fyrirkomulag sem nú er viðhaft. 72,55% starfsmanna eru mjög sammála eða sammála og einkunn á Likert kvarða er 4,00. Starfsmönnum mun gefast kostur á að koma með tillögur til úrbóta, þó farið verði eftir ákvæði í kjarasamningi í þessum efnum. Starfsmenn telja sér ekki nægilega oft hrósað, en einungis 64,00% þeirra eru mjög sammála eða sammála um að svo sé. 20% svara hvorki né. Þessi niðurstaða gefur einkunnina 3,75 á Likert kvarða. Í niðurstöðum frá Skólalæpingi frá 2010 kom fram að starfsmenn telja heilsueflingu á vinnustaðnum ekki næga og benda á að ástæðan sé að þeir fái ekki styrk frá bæjarfélaginu til að stunda líkamsrækt, en sá þáttur fékk lægstu einkunn í könnuninni eða 3,73 á Likert kvarða sem þýðir að aðeins 60,79% eru mjög sammála eða sammála um lögð sé áhersla á heilsueflingu á vinnustaðnum.

Unnið verður með þá fjóra þætti sem að mati starfsmanna þarfnast úrbóta sbr. það sem kemur fram hér að ofan í samvinnu við starfsmenn eftir því sem mögulegt er.